

Miðvikudaginn 7. apríl 1943.

Nr. 43/1942. **Bolli Eggertsson, Kritján Albertsson og Árne Friðriksson** (Theódór B. Lindal)
 gegn

Antoni Ólafssyni Weyvadt
 (Einar B. Guðmundsson).

Ómerking máls og vísun þess heim í hérað.

Dómur hæstaréttar.

Dómi hafa stýrt í máli þessu í héraði Sigurður Eggerz bæjarfógeti, unz hann vék sæti í réttarhaldi 28. apríl 1941, og frá þeim tíma Stefán lögfræðingur Stefánsson, sem kveðið hefur upp héraðsdóminn.

Er mál þetta var þingfest 10. marz 1941, var lögð fram greinargerð af hálfu sækjanda, og 31. marz s. á. kom greinargerð fram af hálfu stefnda. Átti héraðsdómari þá samkvæmt 109. gr. laga nr. 85/1936 að kveða á um munnlegan málflutning eða skriflegan og veita aðiljum sameiginlegan frest til öflunar sakargagna. Í stað þess fá umboðsmenn aðilja, lögfræðingarnir Ármann Jakobsson og Friðrik Magnússon, fresti á vixl og skiptast á alls 11 skriflegum sóknum og vörnum auk einnar bókunar af hendi hvors, unz munnlegur flutningur málsins var ákveðinn í réttarhaldi 17. jan. 1942 eftir skriflegar sóknir og varnir allan þenna tíma. Auk þessara dómglapa eru þeir gallar á, að dómur er ekki kveðinn upp fyrr en 17. marz 1942, enda þótt munnlegur málflutningur og dómtaka færi fram 5. febrúar s. á. Virðist munnlegur málflutningur ekki geta haft tilætlaða þýðingu, er svo langur tími liður milli hans og dómsuppsögu, enda er slík meðferð verulegt brot á fyrirmælum 1. málsgreinar 191. gr. laga nr. 85/1936.

Af framantöldum ástæðum þykir verða að ómerkja meðferð máls þessa í héraði frá framlagningu dómsskjala í þinghaldi 31. marz 1941 svo og héraðsdóminn og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð máls þessa í héraði frá framlagningu dómsskjala í þinghaldi 31. marz 1941 og héraðsdómur skulu vera ómerk og visast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 17. marz 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. febr. s. l. og dæmt er af setu-dómara Stefáni Stefánssyni, var eftir árangurslausa sáttatilaun höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar með stefnu, útgefinni 7. marz 1941, af Anton Ólafssyni Weyvadt verkamanni, Hjalteyrargötu 1, Akureyri, gegn eigendum bifreiðarinnar A. 61, þeim Bolla Eggertssyni verzlunarmanni, Strandgötu 21, Kristjáni Albertssyni verkstjóra, Eyrarlandsveg 3, og Árna Friðrikssyni verkamanni, Oddeyrargötu 6, öllum á Akureyri, til að fá þá dæmda alla fyrir einn og einn fyrir alla til greiðslu á kr. 15591.10 auk 5% ársvaxta frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnaðar.

Var í stefnu krafizt málskostnaðar að skaðlausu eftir reikningi eða mati réttarins, en við hinn munnlega málflutning var málskostnaðarkrafa stefnanda ósundurliðuð kr. 1000.00.

Stefndir krefjast aðallega algerrar sýknu, en til vara, að krafan verði stórlega lækkuð frá því, sem krafizt er í stefnu málsins. Þá krefjast stefndir í fyrstu greinargerð sinni málskostnaðar samkvæmt taxta M. F. Í. kr. 950.00 eða eftir mati dómarans, en við hinn munnlega flutning málsins var málskostnaðarkrafa stefndu kr. 1044.95.

Í máli þessu hefur Guðmundi Péturssyni útgerðarmanni, Brekkugötu 27 á Akureyri, umboðsmanni Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f á Akureyri, verið stefnt fyrir félagsins hönd til að gæta hagsmuna þess, en hjá því félagi var bifreiðin A. 61 váttryggð.

Milli kl. 23 og 24 hinn 30. nóv. 1940 ók stefndur Bolli Eggertsson vöruflutningabifreiðinni A. 61, sem þá var félagseign hinna stefndu, suður Hafnarstræti á Akureyri, og voru ekki aðrir í bifreiðinni en hann og stúlkan Ingibjörg Björnsdóttir, þá 16 ára að aldri. Í þann mund, er hann kom að trjáviðarhúsi Kaupfélags Eyfirðinga, gengu 4 menn þar norður götuna, þrir saman, en einn ör-stutt á eftir, og var það Konráð Antonsson, sonur stefnanda, tvi-tugur að aldri.

Allir gengu menn þessir á eystri vegarhelmingi, þ. e. a. s. hægri. Rétt eftir að bifreiðin hafði ekið framhjá þeim þremur, sem á undan voru, heyrðu þeir smell og líta við. Ók þá bifreiðin áfram suður götuna, en Konráð lá meðvitundarlaus á götunni, og vissi höfuð hans til austurs, eftir því sem næst verður komið. Lög-regluþjónn var strax kallaður til, og fór hann þegar á slyssstaðinn.

Var Konráð þegar fluttur á sjúkrahús, og hafði hann fengið hroðalegan áverka á höfuðið, og segir í vottorði sjúkrahússlæknisins, að áverkinn hafi verið því líkastur, að höfuðið hefði slegist með miklu afli á einhvern tiltölulega sléttan flöt, t. d. malbikaða götu. Gert var að sárum Konráðs eftir föngum, og lifði hann meðvitundarlaus í rúma 2 sólarhringa eftir slysið, en þá andaðist hann hinn 3. desember 1940 af völdum slyssins.

Enginn hinna þriggja manna, er gengu á undan Konráði, sáu, þegar slysið gerðist, og geta því ekki um það borið, hvernig það vildi til. Þeir urðu bifreiðarinnar varir, er hún ók fram hjá, og virtist einum þeirra hún aka fremur hart, en annað getur hann ekki um hraðann borið. Öðrum virtist hún aka greitt, en ekki hart, og hinn þriðji getur ekki um það borið, hvort hún ók hægt eða hratt, en hann veitti því eigi eftirtekt, að nokkuð óvenjulegt væri við akstur bifreiðarinnar.

Þegar bifreiðin ók fram hjá þeim, var fjarlægðin milli þeirra og hennar sú, að þeir óttuðust ekki, að þeim stafaði nokkur hættu af henni, en þeir tóku ekki eftir, að bifreiðin sveigði inn á götuna frá þeim.

Bragi Guðjónsson, Hafnarstræti 77, sá út um glugga á heimili sínu, þegar slysið varð. Sá hann, er bifreiðin rakst á Konráð, og virtist honum hún aka með meðalhraða og Konráð vera eins og til hliðar við hana, en þetta segir hann þó hafa verið ónákvæmt, því myrkur hafi verið. Þá virtist honum Konráð ganga vestast af þeim fjórum, er þarna voru á gangi norður götuna. Hér skal þess getið, að slyssstaðurinn er alllangt frá götuljóskerum, og hefur því verið þarna um litla birtu að ræða, og ber Bolli, að þarna hafi engin birta verið nema sú, er kom frá bifreiðarljósunum.

Í bifreiðinni er stýrið vinstra megin, og sat því unglingsstúlkan Ingibjörg Björnsdóttir hægra megin við Bolla.

Þau voru á leið að Þverá í Öngulsstaðahreppi á dansleik, er þar var, og hefur Ingibjörg borið, að Bolli hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn. Verður nánar vikið að því atriði síðar.

Hún sá þrjá eða fjóra menn koma sunnan götuna, og voru þeir allir á hægra götukanti, og telur hún einn þeirra hafa gengið eitthvað á eftir hinum. Ekki getur hún um það borið, hvort Bolli vék frá mönnum þessum, þegar hann mætti þeim, en hún ber, að mennirnir hafi ekki verið mjög nærri bifreiðinni, þegar hún ók

fram hjá þeim, og heldur ekki mjög langt frá henni nema sá, er fyrir slysinu varð.

Við lögregluþfirheyrslu daginn eftir slysið ber hún, að sér hafi fundizt bifreiðin koma við einn mannanna og að Bolli hafi sagt við sig lítið eitt innar á veginum, hvort það gæti verið, að hann hefði stímað á mann. Hafi hún þá sagt, að hún væri hrædd um það, en ekki væri að vita, að maðurinn hefði meiðzt. Um þetta hafi ekki verið meira talað, og Bolli hafi ekið gætilega það, sem eftir var leiðarinnar að Þverá.

Ökupraðann telur hún hafa verið venjulegan. Í lögregluréttinum 2. desember bar hún, að hún hafi séð, að framskermurinn vinstra megin kom við hlið eða læri eins mannsins, en ekki hafði hún séð hann detta. Kveðst hún hafa sagt Bolla, að maður mundi hafa rekizt á bifreiðina. Heldur hún þá, að Bolli hafi ekki tekið eftir þessu. Þá segir hún, að Bolli hafi ekki ekið mjög hratt. Í lögregluréttinum 28. des. ber Ingibjörg, að sér hafi virzt eins og sá mannanna, er síðast gekk, „eins og slangra til að bilnum“, og kveðst hún þá ekki geta fullyrt, hvort bifreiðin hafi komið við hann. Hafi hún aldrei séð þenna mann eða hina út um hliðarrúðuna. Hún bar, að hana minni fastlega að hafa sagt við Bolla, að maður mundi hafa rekizt á bifreiðina, en telur líklegt, að hann hafi ekki tekið eftir því. Þó minnir hana, að Bolli hafi sagt við sig eitthvað á þá leið, hvort það gæti verið, að hann hefði rekizt á mann.

Er framburður þessa vitnis nokkuð á reiki.

Önnur vitni en nú hafa verið talin koma ekki til greina um sjálft slysið.

Eftir er þá að rekja frásögn bifreiðarstjórans Bolla um slysið.

Í lögregluprófi daginn eftir slysið bar hann, að hann hefði ekið umræddri bifreið um götuna á nefndum tíma. Hann varð var við mannaferð á götunni, þar sem slysið varð, en þar sem hann taldi sig aka nægilega innarlega á götunni, gaf hann mönnunum eigi mikinn gaum og man alls ekki að hafa látið í ljós, að hann væri hræddur um að hafa ekið á mann, og kveðst mundu hafa stöðvað bifreiðina strax, ef hann hefði haft grun um slíkt. Hann tekur þá fram, að bifreiðin hafi verið tóm (óhlaðin) og hafi því kastast til á götunni við allar ójöfnur. Einnig hafi látið fremur hátt í vélinni, og hafi þetta hvorttveggja getað valdið því, að hann varð þess ekki var, að bifreiðin snerti manninn.

Við þessa yfirheyrslu neitar Bolli ekki að vera valdur að slysinu, en harðneitar að hafa haft grun um, að slys hefði hlotizt af akstrinum. Kveðst hann vera fremur óvanur að aka bifreið og þessa nótt hafi verið dimmt. Hafi hann því reynt að fara gætilega og haldið sig vel úti á vinstri vegarbrún. Hann minnst þess ekki, að Ingibjörg segði við sig, að maður mundi hafa orðið fyrir bifreiðinni, og segir, að ef hún hefði látið falla einhver orð um slíkt,

hljóti þau að hafa verið á þá leið, að þau hafi ekki vakið hjá sér grun um slys.

Í lögregluréttinum 2. desember og undir allri rannsókn málsins heldur Bolli því fram, að hann hafi ekki orðið þess var, að bifreiðin rækist á nokkurn mann, né heldur að hafa orðið þess var, að Ingibjörg segði, að bifreiðin hefði rekizt á mann. 2. desember ber hann, að hann hafi séð 3 eða 4 menn á austurkanti vegarins, að hann hafi þóttz beygja nægilega mikið frá mönnunum til að forðast árekstur og að ökuhraðinn hafi verið 20 km, miðað við klukkustund. Í sama rétti 28. desember neitar hann að hafa séð þarna nema þrjá menn. Kveðst aldrei hafa séð fjórða manninn. Þá fullyrðir hann að hafa beygt inn á götuna, þegar hann sá mennina. Ekki kveðst hann hafa orðið var við nokkra óeðlilega hreyfingu á bifreiðinni.

Það er upplýst, að Bolli hafði neytt áfengis þetta kvöld með hinum stefndu: Kristjáni og Árna og fjórða manni, Stefáni að nafni. Höfðu þeir um kl. 9 um kvöldið settz að drykkju, en annað áfengi höfðu þeir ekki en um hálfa flösku af „Gin“. Úr henni luku þeir, og er óvist, hve mikið hver þeirra drakk, en sennilegast, að það hafi verið ámóta mikið.

Eftir þessa drykkju tók Bolli að aka bifreiðinni um götur bæjarins og síðan áleiðis að Þverá, eins og áður greinir, eftir að hafa tekið benzín á bifreiðina. Neitar hann að hafa fundið á sér áfengisáhrif, og eins kveðast þeir, sem með honum drukku áfengið, ekki hafa séð á honum áfengisáhrif.

Hins vegar bera þau Ingibjörg Björnsdóttir, Alda Björnsdóttir, sem ók spölkorn í bifreiðinni með Bolla og Ingibjörgu, rétt áður en hann tók benzínið, og Svavar Jóhannsson bifreiðarstjóri, sem afhenti honum benzínið, að þeim hafi virzt hann vera undir áhrifum áfengis. Þegar lögreglan skömmu eftir slysið náði í Bolla á dansleiknum á Þverá, var hann að hennar dómi undir áhrifum vins, en upplýst er, að hann hafi þá sopið tvisvar eða þrisvar á brennivinsfleyg hjá manni, sem hann hitti þar. Þetta bar Bolli strax í fyrsta réttarhaldi í lögregluréttinum, en Snæbjörn Þorleifsson bifreiðaeftirlitsmaður á Akureyri, sem fór með lögregluþjóninum að Þverá, hefur borið, að Bolli hafi þar sagt sér, að hann hefði ekki bragðað vín þenna dag fyrr en á Þverá, en þar hefði hann bragðað „Gin“ hjá umgetnum manni.

Bifreiðaeftirlitsmaðurinn hefur borið og unnið eið að framburði sínum, að Bolli hafi verið mikið drukkinn, þegar þeir hittu hann á Þverá, og að hans álit, að hann hafi verið dálítið drukkinn, áður en hann drakk brennivinssopana á Þverá. Telur hann, að um stundarfjórðungur hafi liðið frá því Bolli kom að Þverá og þar til hann var handtekinn.

Blóðsýnishorn var tekið úr Bolla, eftir að lögreglan hafði flutt

hann til Akureyrar, en það varð aldrei rannsakað og verður því eigi til upplýsingar í málinu.

Af hálfu stefndra er því haldið fram sem sýknunarástæðu, að Konráð heitinn hafi með stórkostlegri óvarkárni orðið slyssins valdandi. Hann hafi gengið hægra megin á veginum, þar sem dimmast var og engin gangstétt, en hinum megin hafi verið gangstétt vel upplýst. Það er óvæfengt, að hinum megin var gangstétt, en litlu betri lýsing mun þar hafa verið.

Hann hafi ekki vikið út að vegarbrúninni eða út af henni, þó auðvelt væri, þegar hann mætti bifreiðinni, en bifreiðin hafi ekið á löglegum hraða með logandi framljósum. Hann hafi ekki vikið nóg til hliðar. Þá er því haldið fram af stefndra hálfu, að Konráð heitinn hafi verið mjög sjónþapur, og kunni það að hafa orðið meðorsök slyssins. Eru lögð fram vottorð lækna, er sanna allmikla sjónþæru Konráðs heitins.

Á því er enginn vafi, að Konráð heitinn beið bana af árekstri við nefnda bifreið. Hitt verður rétturinn að telja í nokkrum vafa, hvernig slysið vildi til.

Sú ógætni er að visu sönnuð á Konráð heitinn, að hann gekk á hægri vegarhelmingi, en í málinu er komið fram, að það sé alltítt, að þarna sé gengið, sérstaklega ef samkomur eru í húsum nokkru innan við þenna stað. Önnur óvarkárni er ekki sönnuð um hann.

Hins vegar hafði Bolli neytt áfengis og var að dómi þriggja vitna undir áhrifum þess, eins og áður segir. Bolli varð var við mannaferð á þessum stað og var ljóst, að „koldimmt“ var þarna, eins og hann sjálfur orðar það, fyrir utan þá birtu, sem kom af bifreiðarljóskerunum.

Átti þetta tvennt, mannaferðin og myrkrið, að verða til þess, að hann sýndi sérstaka varkárni.

Þó að Bolla væri í lögreglurétti Akureyrar í refsímálinu út af atburði þessum ekki gefin að sök áverkinn, er leiddi Konráð heitinn til bana, getur það eigi ráðið úrslitum í máli því, er hér liggur fyrir. Af þeim málavöxtum, sem lýst hefur verið, er ljóst, að mjög miklar líkur eru til þess, að slysið hafi orðið vegna óvarkárni Bolla við aksturinn. En jafnvel þó þetta væri röng ályktun, er eigi fram komin nokkur sönnun fyrir því, að Konráð heitinn hafi orðið valdur að slysinu með óvarkárni sinni né að slysið hefði hlotið að vilja til, þó einkis hefði verið á vant um aðgæzlu og varúð af hálfu Bolla.

Samkvæmt þessu ber samkvæmt 15. gr., 2. mgr. og 16. gr. þágildandi bifreiðalaga nr. 70 8. september 1931 að dæma hina stefndu eigendur bifreiðarinnar til bótagreiðslu.

Af hálfu stefndra er því haldið fram sem varasýknuástæðu, að Konráð heitinn hafi verið svo miður sin vegna ólæknandi sjón-

depru, að hann hefði í framtíðinni eigi getað aflað meiri tekna en nægðu til eigin framfærslu hans og óvíst, að þær mundu nægja til þess. Ef hann hefði stofnað heimili, hefði framfærslugeta hans öll orðið bundin við það. Hefði því stefnandi aldrei fengið framfærslu frá honum, þó að hann hefði orðið hennar þurfi. Jafnframt er á það bent af sömu hálfu, að stefnandi eigi nokkrar eignir og hafi undanfarið haft allt eins miklar atvinnutekjur og Konráð heitinn.

Það er sannað, að stefnandi átti nokkrar eignir á þessum tíma (skuldlaus eign í árslok 1940 kr. 5965.00) og hafði nokkrar atvinnutekjur, en jafnframt er sannað með vottorðum lækna, að hann, sem á þessum tíma var 56 ára gamall, var heilsubílaður og með mjög skert vinnubrek. Tvö síðustu árin fyrir slysið var hann alltaf öðru hverju undir læknishendi, og kveður hann Konráð heitinn hafa að miklu leyti orðið að sjá fyrir heimilinu, sérstaklega árið 1940.

Þó Konráð heitinn, sem var lærður vélstjóri, væri all sjón-dapur, er ekki upplýst, að sjóndepran hlýti að hafa aukizt, og upplýst er, að hann vann ýmis verk, þar á meðal vélstjórn á sildveiðiskipi, og verður því að telja, þar sem ekki er upplýst, að heilsu hans hafi verið áfátt að nokkru öðru leyti, að hann mundi í framtíðinni hafa getað unnið þau störf, er ekki þurfti nákvæma sjón til.

Meðal nettótekjur Konráðs heitins voru árin 1938—1940 kr. 1057.67. Var atvinna þá fremur rýr, enda hann þá unglingur. Tekjur hans á sildveiðiskipi árið 1940 námu brúttó kr. 3343.86 auk annarra tekna.

Verður að ætla, að hefði Konráð heitinn lifað, þá hefðu tekjur hans farið vaxandi vegna stóraukinna atvinnumöguleika.

Gera verður ráð fyrir, að stefnandi, maður hátt á sextugs aldri, heilsuveill og mjög farinn að vinnuþreki, geti þá og þegar misst vinnufærni sína svo, að hann verði ófær til að afla tekna, svo nokkru nemi, og yrði hann þá að grípa til eigna sinna, sem ekki mundu endast lengi honum til framfæris, en að þeim eyddum, hlaut framfærsla hans að hvíla á skylduframfæranda hans, Konráði heitnum.

Getur rétturinn því ekki fallizt á, að þessi sýknuástæða stefndra nái fram að ganga.

Þá er því haldið fram af stefndra hálfu, að stefnandi eigi sona lífi þ. e. a. s. skylduframfæranda. Af stefnanda hálfu var því við hinn munnlega flutning málsins haldið fram, að þessi sonur stefnanda væri fjölskyldumaður og eigi aflögufær, og var því eigi mótmælt. Verður rétturinn að telja, að þessi sonur stefnanda hefði eigi orðið fær til framfærslu á honum, og mundi hún því hafa hvílt á Konráði heitnum, þegar stefnandi yrði hennar þurfi.

Skaðabótakröfuna sundurliðar stefnandi þannig:

Kostnaður vegna fráfalls og jarðarfara	kr. 591.10
Dánarbætur	— 15000.00
	Alls kr. 15591.10

Um fyrri liðinn er það að segja, að fram er lagður í málinu sundurliðaður reikningur yfir kostnað við fráfall og jarðarför Konráðs heitins, er sýnir heildarupphæðina kr. 591.10, og er þeim reikningi ekki út af fyrir sig mótmælt. Verður upphæð þessa kröfuliðs því tekin til greina.

Hinum kröfuliðnum er af stefndra hálfu mótmælt sem of háum sökum óvarkárni Konráðs heitins, er slysið varð, og framfærslusambands hans við stefnanda. En eins og málum er háttað og ekki þykir ástæða til að fara nánar út í en gert hefur verið og með til-liti til núverandi verðgildis peninga, þykir dánarbótakrafan eftir atvikum ekki of há, og þar sem ekki þykja standa efni til að skipta ábyrgðinni, þá verða kröfuliðir stefnanda báðir teknir að fullu til greina. Þá verða stefndir einnig in solidum dæmdir til greiðslu þeirra vaxta, sem krafizt hefur verið.

Í þinghaldi í málinu 4. október s. l. lagði stefnandi fram gjafsóknareyfi í málinu sér til handa, útgefið 6. júní s. l. Stefnandi hefur þó aldrei á gjafsókn minnzt í greinargerðum sínum eða hin-um munnlega málflutningi, og þar sem hann hefur greitt öll réttar-gjöld, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, verður málskostn-aður tildæmdur, eins og ekkert gjafsóknarleyfi lægi fyrir.

Eftir atvikum þykir rétt að taka málskostnaðarkröfu stefnanda kr. 1000.00 til greina og dæma stefndu in solidum til greiðslu hennar.

Setudómarinn lætur þess getið, að hann með bréfi dómsmála-ráðuneytisins frá 8. júlí 1941 hafi verið skipaður til að fara með málið, og hafi þá staðið yfir réttarfrí.

Enn fremur að hann hafi setið á Alþingi frá 13. október til 21. nóvember s. l. Loks að dómsuppsögn hafi dregizt nokkuð vegna setu á yfirstandandi Alþingi.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Bolli Eggertsson, Kristján Albertsson og Árni Friðriksson, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefn-anda, Anton Ólafssyni Weyvadtt, kr. 15591.10 með 5% ársvöxt-um frá 4. marz 1941 til greiðsludags og kr. 1000.00 í máls-kostnað, allt innan 15. sólarhringa frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.